

Arnarlax hf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 26. október 2021
UST202102-168/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 25.8.21 hjá Arnarlax hf. Patreksfirði og Tálknafirði

Þann 25. ágúst sl. fór fram eftirlit með sjókvíaeldi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Sjö ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

- 1. gr. 3.4 í þágildandi starfsleyfi.** Þegar koparlitaðar nætur voru settar í sjó hafði heimild til notkunar þeirra ekki tekið gildi. Ákvörðun um að heimila notkun rekstraraðila á koparnótum í Patreksfirði og Tálknafirði var tekin 2. júní sl. og tók gildi þann 4. júní sl. **Frávikinu er því lokað.**
- 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Rekstraraðilar skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við starfsleyfisskilyrði og skal upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verða. Rekstraraðili tilkynnti eftirlitsaðila ekki um það að koparnætur hefðu verið settar út án þess að heimild væri til þess í starfsleyfi. **Skv. bréfi rekstraraðila (úrbótaáætlun) dags. 25. okt þar sem frávikinu er mótmælt telur rekstraraðili fráviknið ekki eiga við því tilkynnt hafi verið til starfsleyfisvinnslu Umhverfisstofnunar um að áætlað væri að setja út fisk þann 25. maí. Stofnunin bendir á að fráviknið sem um ræðir snýr að tilkynningu til eftirlitsaðila þegar frávik hefur orðið frá skilyrðum starfsleyfa eða frá lögum og reglum. Ekki var til staðar heimild í starfsleyfi rekstraraðila til útsetningar koparnóta fyrr en 4. júní 2021, en rekstraraðili setti fisk í koparnætur þann 31. maí sl. og þar með koparnæturnar út eitthvað fyrr. Eftirlitsaðila var ekki tilkynnt um það að búið væri að setja út koparnætur í sjó fyrr en eftirlitsaðili leitaði eftir þeim upplýsingum til rekstraraðila þann 8. júlí sl. Stofnunin fellst því ekki á andmæli rekstraraðila við frávikinu.**
- 3. gr. 4.2 og 4.3 í starfsleyfi.** Taka skal saman árlega niðurstöður mælinga og skráninga og skila umhverfisupplýsingum (grænt bókhald og útstreymisbókhald) vegna starfseminnar. Aðskilja þarf gögn og skráningar eftir mismunandi starfsleyfum rekstraraðila eftir mesta megni svo hægt sé að sinna eftirliti með starfseminni. Þrátt fyrir að rekstraraðila hefði verið bent á þetta við skil á árinu

2020 voru skráningar ekki aðskildar við skil ársins 2021. **Skv. úrbótaáætlun dags. 25. okt sl. verður hugað að því að aðskilja leyfin vegna skila fyrir árið 2021. Stofnunin bendir á að óskað hefur verið eftir því að gögnum vegna ársins 2020 verði skilað aftur en þau hafa enn ekki borist. Stofnunin ítrekar framangreinda beiðni.**

Enn er opið frávík frá fyrri árum v. umgengni við Sandodda. Starfað hefur verið eftir úrbótaáætlun vegna þess en uppfæra þarf áætlanir þar sem úrbætur hafa ekki staðist. Ábending er gerð í eftirlitinu er snýr að fyrirbyggjandi aðgerðum og hreinsun og stofnunin óskar því eftir uppfærðum úrbótaáætlunum og áætlunum um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Ábending var einnig gerð er snýr að rusli í fjörum og stofnunin óskar því einnig eftir langtíma hreinsunaráætlun og áætlun vegna fyrirbyggjandi aðgerða vegna rusls í fjörum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. nóvember 2021.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur